



Reglur um hlífðarfátnað í matvælafyrirtækjum

Í matvælafyrirtækjum¹ þar sem matvæli eru framleidd, óforpökkuð² matvæli, önnur en ávextir og grænmeti, eru meðhöndluð, eða þar sem viðkvæm³ eða mjög viðkvæm matvæli⁴ eru framleidd, skal nota hrein hlífðarföt sem hæfa hverju sinni⁵.

Hlífðarföt eru ein tegund vinnufatnaðar (starfsmannafatnaðar). Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur hefur útbúið [reglur](#) um vinnufatnað í matvælafyrirtækjum.

Undir hlífðarfátnað falla meðal annars sloppar, buxur, skór/klossar, svuntur, hárnet, húfur og skeggnét. Fatnaðurinn er ætlaður til að verja matvæli gegn mengun.

Stjórnandi matvælafyrirtækis ber ábyrgð á því að útvega starfsfólki hlífðarföt og að fatnaðurinn sé þveginn við viðunandi aðstæður. Starfsfólki er ekki heimilt að taka hlífðarföt með sér heim.

Eftirfarandi eru nokkrar meginreglur varðandi fataskiptaaðstöðu og notkun hlífðarfátnaðar í matvælafyrirtækjum.

1. Hlífðarföt mega ekki menga matvæli.
2. Aflokuð fataskiptaaðstaða⁶ skal vera til staðar með læsanlegum fataskápum fyrir hvern og einn starfsmann. Fjöldi fataskápa þarf að vera í samræmi við fjölda starfsmanna á hverri vakt. Í skápunum skal geyma alla persónulega muni starfsmanna. Ekki er nóg að starfsfólk hafi aðgang að munaskápum en bent er á að læstir fataskápar geta komið í stað sérstakra munaskápa.
3. Starfsfólk skal ávallt klæðast hreinum hlífðarfátnaði og skipta daglega um hann og oftast ef þurfa þykir.
4. Starfsfólk skal ganga vel um hrein hlífðarföt og fataskiptaaðstöðu.
5. Gera skal ráð fyrir aðstöðu fyrir starfsfólk til að geyma persónulegan fatnað og skal hann geymdur aðskilinn frá hlífðarfátnaði.
6. Hrein hlífðarföt skal geyma á skilgreindum og merktum stað og aðskilin frá öðrum fatnaði, þ.m.t. óhreinum fatnaði og persónulegum fatnaði. Hrein hlífðarföt skal geyma á hreinum geymslustað.
7. Starfsfólk skal ekki fara út í hlífðarfátnaði.
8. Þegar starfsfólk klæðist hlífðarfátnaði er mikilvægt að það sé gert í réttri röð:
 - a. Fyrst skal setja á sig höfuðfat, s.s. hárnet eða húfu, og skeggnét ef við á. Höfuðbúnaður og skeggnét skal hylja allt hárið/skegg.
 - b. Síðan skal fara í svuntu, buxur, slopp og skófatnað, eftir því sem við á.
9. Þvottur á starfsmannafatnaði skal eingöngu fara fram hjá þvottahúsi með starfsleyfi frá heilbrigðisnefnd eða í sérstöku rými í fyrirtækinu ætlað þvotti (þvottahúsi) þar sem þvotturinn er þveginn við a.m.k. 60°C. Ekki er leyfilegt að þvo þvott í heimahúsi né nota þvottahús sem er sameiginlegt með öðrum t.d. íbúum eða óskyldum fyrirtækjum, enda engin leið fyrir stjórnanda matvælafyrirtækisins að tryggja að ekki verði krossmengun við þær aðstæður. Þvottaaðstöðu má ekki staðsetja inni á ræstingu, snyrtingu eða í öðru óhreinu rými.

¹ Matvælafyrirtæki á borð við veitingastaði, mötuneyti og mötuneytisþjónustu, matvælaverksmiðjur, framleiðslu tilbúinna rétta, bakarí, matvöruverslanir með vinnslu og sjálfsafgreiðslubari, fiskbúðir og kjötbúðir.

² Matvæli sem ekki eru í umbúðum.

³ Geta innihaldið sjúkdómsvaldandi örverur en eru ekki heppileg fyrir vöxt þeirra eða eiturmyndun; innihalda að jafnaði ekki sjúkdómsvaldandi örverur en eru heppileg fyrir vöxt þeirra eða eiturmyndun.

⁴ Geta innihaldið sjúkdómsvaldandi örverur og eru heppileg fyrir vöxt þeirra eða eiturmyndun.

⁵ Reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 852/2004, m.s.b., viðauki II, VIII. kafli, 1. mgr.

⁶ Reglugerð Evrópusambandsins (EB) nr. 852/2004, m.s.b., viðauki II, I. kafli, 9. mgr.